



LEIKJASKRÁ

Aftur heim!





Kæru Grindvíkingar!

Nú mætum öll í HS Orku-höllina í vetur.

Fyrir Stefán, fyrir Grindavík.

Fyrir samfélagið okkar.





Leikjaskrá Körfuknattleiksdeildar UMFG tímabilið 2025-26

Hér er hún loksins komin, leikjaskráin sem allir hafa beðið eftir! Við biðjumst velvirðingar á töfum á útgáfu. Leikjaskráin kemur út í takmörkuðu upplagi á prenti í ljósi aðstæðna, en það er nokkuð ljóst að prentuð eintök af henni verða verðmætir söfnunargripir þegar fram líða stundir.

Ritstjóri
Siggeir F. Ævarsson

Ábyrgðarmaður
Ingibergur Þór Jónasson,
formaður kkd. Grindavíkur

Auglýsingar
Bergvin Ólafarson

Ljósmyndir
Guðmundur Þórlaugarson
Ingibergur Þór Jónasson
Sýn Sport

Stjórn körfuknattleiksdeildar UMFG 2025-26

Bryndís Gunnlaugsdóttir,
Erna Rún Magnúsdóttir,
Fjóla Sigurðardóttir,
Friðrik Þór Sigurðsson,
Hjalti Mogensen,
Ingibergur Þór Jónasson,
Ingimar Waldorff
og Rakel Lind Hrafnisdóttir.

Prentun og umbrot

Prentun.is
Bæjarhrauni 22, 220 Hafnarfjörður
Sími 544 2100 - prentun@prentun.is

Pistill formanns körfuknattleiksdeildar UMFG

„Þakkir þiggjum við með góðri mætingu á leiki þetta tímabilið“



Kæru félagar í körfuknattleiksdeild UMFG, stuðningsfólk, og vinir okkar sem hafa haldið okkur á floti innan hreyfingarinnar síðustu ár frá rýmingu Grindavíkur.

Ég sit hér í dag með miklar tilfinningar innra með mér að berjast við að rita formannspistil sem er eitt af því sem mér er skylt að gera. Með smá sorg í hjarta og vott af ótta þá hef ég tekið mjög erfiða ákvörðun. Hún er sú að þetta verður mitt síðasta ár sem formaður deildarinnar. Ég hef ótal ástæður sem segja mér að þetta sé komið gott en þær munu sennilega aldrei allar líta dagsins ljós.

Þegar ég horfi til baka á tímabilið sem var að líða og á þau ár sem ég hef starfað fyrir félagið, finnst mér rétt að segja frá reynslu minni, þeim markmiðum og þeim áskorunum sem við höfum unnið og eigum enn eftir að vinna saman. Ég verð að nota tækifærið og fá að segja nokkur orð um þá tvo kletta sem alltaf börðu í mig kjark og þor því án þeirra beggja hefði ég aldrei orðið hvorki stjórnarmaður né formaður deildarinnar.

Eftir að við „flúðum Grindavík“ eins og það hefur oft verið nefnt, þá höfum við haft okkar heimavöll í Smáranum Kópavogi. Þegar þessi pistill er ritaður þá erum við enn í Smáranum en æfum

einnig í Grindavík nokkrum sinnum í viku. Mig langar að leggja áherslu á að við erum á heimleið og er nýja slagorðið okkar „heim á ný“. Verður það mitt leiðarstef á mínu síðasta ári sem formaður ef náttúran leyfir. Liðin okkar eru nánast klár og bæði líta þannig út að þau ættu að geta unnið til verðlauna en þar set ég pressuna yfir á þjálfara og leikmenn. Ég get ekki ritað þennan pistil án þess að minnst á þessa tvo kletta, Óla Jó og Stefán í Einhamri.

Ég hef setið í stjórn körfunnar að ég held síðan árið 2016. Þá fyrst sem stjórnarmaður, svo framkvæmdarstjóri innan stjórnar og svo formaður til dagsins í dag. Ég kenni Óla Jó frænda mínum um það að ég hafi verið plataður inn í stjórn en hann hafði samband við Jón Gauta og bar þessa hugmynd undir hann. Það var svo sem ekkert mál að vera formaður þegar maður gat kíkt upp í vinnu til frænda þegar það blés á móti og alltaf var það þannig að hann var með réttu svörin enda stórmenni með allt á hreinu og óð aldrei áfram án þess að hugsa sig vel um áður en ákvarðanir voru teknar. Ég fékk gott uppeldi þar og á honum mikið að þakka, það er bara svoleiðis. Blessuð sé minning Óla Jó en hans verður sárt saknað á leikjum.

Stefán Kristjánsson eða Stebbi í Einhamri eins og flestir þekktu hann. Hann átti engan sér líkan og var hann eina ástæðan fyrir því að ég bauð mig aftur fram þetta tímabilið. Ég var harðákveðinn í því að hætta en þegar hann sagði: „Nú jæja, þá erum við bara báðir hættir“ þá kom auðvitað annar tónn í mig. Ferðalagið sem við Sandra frænka plötuðum Stebba í var auðvitað algjört ævintýri þegar ég lít til baka.

Ég óttast framhaldið án hans því þrátt fyrir að ég viti vel að við getum öll þakkað henni Söndru fyrir allt sem Einhamar hefur gert fyrir körfuna þá var Stefán einfaldlega einstakur. Vonandi fá þeir sem ekki kynntust honum að heyra allt það góða sem hann gerði fyrir okkur öll. Hann var allstaðar úti í samfélaginu með puttana, hvort sem það var að hvetja áfram eða að rétta hjálparhönd. Hans er sárt saknað og samfélagið Grindavík mun vera lengi að átta sig á því hvurslags ofurmenni við vorum að missa. Án hans og Söndru þá væru liðin okkar í dag ekki til nema þá kannski í mýflugumynd. Í ár ætlum við alla leið og við gerum það fyrir Stebba.

Ég get ekki borið starfið í dag saman við hvernig það var fyrir 3-4 árum eða fyrir rýmingu. Markmið mín voru að gera deildina sterkari með því að finna meira fjármagn þar sem það hafði staðið í stað alltof lengi og flest öll hin liðin komin langt fram úr okkur. Mig langaði að sjá kvennaliðið okkar blómstra eins og karlaliðið hafði svo oft gert, ég vildi sjá betri umgjörð og svo framvegis. Hvort stjórnun deildarinnar hafi tekist það sem ég taldi upp verður hver og einn að dæma fyrir sig en þegar ég er spurður þá svara ég bara stoltur: „Við erum lítið samfélag sem hefur unnið þrekvirki og geri aðrir betur, við erum ennþá hér.“ Samfélagið á stjórninni og liðunum okkar mikið að þakka en þakkir þiggjum við með góðri mætingu á leiki þetta tímabilið.

Það er alveg sárt að skrifa þessa kveðju við formennskuna, enda hef ég lagt líf mitt og sál, mikla vinnu og fórnfýsi í þetta starf. Börnin mín hafa alist upp í íþróttahúsinu heima og þegar vinir koma í heimsókn er bara talað um körfubolta. Sumrin, jólin og allir frídagar hafa farið í það að vinna fyrir körfuna. Það geta allir stjórnarmenn skrifað þetta sem ég ritaði hér að ofan. Ég geng ótrúlega stoltur frá starfinu og get sagt með sannni að alltaf var ég sjálfbóðaliði og ekkert minna eða meira en það. Aldrei þáði ég laun fyrir starf mitt og oft borgaði ég mig inn á leiki eða greiddi fyrir hamborgarann sem ég hafði grillað sjálfur. Ég mætti á fleiri leiki en

bara meistaraflokksleiki með myndavélina á bakinu. Mig langaði til að búa til minningar fyrir foreldra barnanna sem voru að spila og fannst mér ég bara eiga að gera þetta vegna þeirrar ábyrgðar sem sitjandi stjórnarmaður ber.

Ég vil að lokum þakka öllu því frábæra fólki sem ég kynntist á þessari leið og hefur lagt lóð sín á vogarskálarnar á einn eða annan hátt. Það væri of langt mál að telja alla upp með nafni en þið vitið hver þið eruð og ég verð ykkur ævinlega þakklátur. Ég vil þakka leikmönnum, styrktaraðilum og þjálfurum fyrir þeirra framlag. Þakka enn meira fyrir þá sjálfbóðaliða sem gefið hafa frítíma sinn, bæði í stjórn og í kringum liðin í allskonar verkefni, svo starfið geti orðið að veruleika en án þeirra væri þetta einfaldlega ekki hægt. Þá verð ég líka að nefna Breiðablik og þakka þeim sérstaklega fyrir allt sem félagið gerði fyrir okkur þegar neyðin var stærst. Takk.

Það þarf enginn að þakka mér fyrir neitt ég var bara að borga til baka og bæta fyrir brot mín sem ég olli öðrum áður en ég hætti að drekka.

Takk fyrir mig – og áfram Grindavík!

Kveðja,

Ingibergur Þór Jónasson,

Formaður körfuknattleiksdeildar UMFG.



ALLT FASTEIGNASALA REYKJANESBÆ - GRINDAVÍK - MOSFELLSBÆ

ÉG TEK VEL Á MÓTI ÞÉR OG LEIÐBEINI ÞÉR
Í GEGNUM **ALLT** FERLIÐ



- RÁÐGJÖF VIÐ KAUP OG SÖLU FASTEIGNA
- FRÍTT OG SKULDBINDINGARLAUST SÖLUVERÐMAT
- LJÓSMYNDUN FAGLJÓSMYNDARA INNIFALIN
- FASTEIGNASALI SÝNIR ALLAR EIGNIR

ALLT
FASTEIGNASALA



PÁLL ÞORBJÖRNSSON
Löggiltur fasteignasali

ALLT fyrir þig

☎ 560-5501

✉ pall@allt.is

🌐 www.allt.is

LEIKMENN GRINDAVÍKUR

Í BÓNUS-DEILD KARLA TÍMABILID 2025/2026

Khalil Shabazz

Bakvörður

27 ára
183 cm



Deandre Donte Kane

Bakvörður

36 ára
196 cm



Kristófer Breki Gylfason

Bakvörður

28 ára
192 cm



Unnsteinn Rúnar Kárasen

Bakvörður

24 ára
183 cm



Hafliði Ottó Róbertsson

Framherji

22 ára
198 cm



Ragnar Örn Bragason

Framherji

31 árs
196 cm



Alexander Veigar Þorvaldsson

Framherji

21 árs
197 cm



Ólafur Ólafsson

Framherji

35 ára
194 cm



Nökkvi Már Nökkvasen

Bakvörður

26 ára
185 cm



Daniel Mortensen

Framherji

31 árs
200 cm



Arnór Tristan Helgason

Bakvörður

19 ára
192 cm



Jordan Semple

Miðherji

33 ára
204 cm



Jóhann Þór Ólafsson

Þjálfari

42 ára



Helgi Már Magnússon

Aðstoðarþjálfari

43 ára



Sreten Karimanovic

Sjúkraþjálfari





ÁFRAM GRINDAVÍK!



GRINDAVÍK
SEAFOOD



Jóhann Þór Ólafsson

„Körfuboltinn hafi haldið í manni lífinu á mjög svo erfiðum tímum sem og samfélaginu öllu.“

Jóhann Þór Ólafsson er að fara inn í sitt fjórða tímabil í röð sem aðalþjálfari meistaraflokks karla og sitt þriðja í röð þar sem staða og framtíð liðsins er nokkuð óljós vegna jarðhræringa. Það er þó engan bilbug á Jóhanni að finna og hann segist sjálfur vera bjartsýnn á framtíðina. Bjartsýnin hefur eflaust ekki minnkað síðan þetta viðtal var tekið og hann búinn að vinna fimm af fyrstu fimm leikjum sínum!

Nýtt tímabil framundan og ný tækifæri. Hvernig leggst nýtt tímabil í þig?

„Það leggst bara vel í mig. Það er alltaf ákveðin tilhlökkun að byrja. Það hefur kannski ekki alveg gengið eins og til var ætlast með undirbúning þar sem erfiðlega hefur gengið að manna liðið en það er bara eins og það er.“

Það eru nýir erlendir leikmenn komnir í hús sem eru samt þekkt andlit í íslenskum körfubolta. Hvað geturðu sagt okkur um þá Jordan Semple og Khalil Shabazz og hvað þeir koma með að borðinu?

„Það er eins og þú segir, þetta eru þekkt andlit og vita að hverju þeir ganga þegar kemur að því að spila í þessari deild. Jordan er náttúrulega búinn að vera öflugur í þessari deild síðustu tvö ár og kemur til með að gefa okkur mikla ógn á hringinn hvað sóknarleik varðar og er allt í lagi með bakið upp við körfuna. Hann frákastar vel og er þokkalega hreyfanlegur varnarlega. Khalil var öflugur í fyrra og er ekkert ósvipuð týpa og við vorum með í Basile á sínum tíma.“

Þú nældir í einn ungan leikmann í sumar sem hefur spilað í Svíþjóð undanfarið, Unnsteinn Rúnar. Hvernig leikmaður er þetta?

„Unnsteinn hefur verið hjá okkur síðan um miðjan ágúst. Þetta er góður skotmaður og getur verið öflugur varnarlega. Við bindum vonir við að hann gefi okkur góðar mínútur af bekknum.“

Hvernig líst þér á nýja aðstoðarþjálfarann þinn? Veit hann eitthvað um körfubolta? (Fyrir þá sem ekki vita tók Helgi Már Magnússon við aðstoðarþjálfarastöðunni fyrir tímabilið. Helgi varð sjö sinnum Íslandsmeistari með KR sem leikmaður og á 95 landsleiki fyrir Ísland.)

„Helgi hefur komið mjög vel inn í þetta. Hann virðist vera fullur tilhlökkunar og er mjög frjór með þælingar sem er flott. Hann átti flottan feril sem leikmaður, er mikill keppnismaður og veit hvað það er að vinna.“

Þeir Jóhann og Lalli fengu svo sömu lokaspurninguna:

Nú erum við að fara inn í þriðja tímabilið okkar þar sem framtíð liðsins er í raun í fullkominni óvissu. Yngri flokka starfið ekki til staðar og heimavöllurinn á flakki. Hvernig sérð þú framtíðina fyrir þér? Bjartsýnn, svartsýnn, raunsær?

„Það er rétt það hefur verið snúið að láta þetta ganga síðasta tvö og hálfa árið. Það fólk sem hefur staðið á bak við tjöldin á mikið hrós skilið. Einnig er ekki hægt að koma því í orð hversu þakklátur ég er Blikum fyrir að taka okkur inn í Smárann.“

Ég hef fengið að heyra það núna í haust frá fólki í hreyfingunni að það sé með ólíkindum að við skulum ennþá halda úti liðum miðað við þá stöðu sem við erum í. Það að yngri flokka starf skuli ekki vera til staðar gerir þetta mjög erfitt og krefjandi. En á sama tíma er líka hægt að segja að körfuboltinn hafi haldið í manni lífinu á mjög svo erfiðum tímum sem og samfélaginu öllu. Mér líst hins vegar nokkuð vel á framhaldið og það sem verður. Ég er bjartsýnn og held að liðin verði komin heim fyrir fullt og allt fyrr en bjartsýnasta fólk þorir að vona.“

ÁFRAM GRINDAVÍK!


KLAKI

*Hönnun, sjálfvirkni
og smíði*

Heildarlausnir fyrir sjó-og landvinnslu

Skór, stígvél, vettlingar, vinnufatnaður,
hnífar, brýni, bakkar, einnota vörur o.fl.



Kassar, öskjur, arkir, pokar, filmur



Kassar læsast saman
við stöflun og brettið
verður stöðugra


SAMHENTIR
UMBÜÐALAUSNIR

Suðurhrauni 4 • 210 Garðabæ • Furuvellir 3 • 600 Akureyri • Sími: 575 8000 • Fax: 575 8001 • www.samhentir.is

LEIKMENN GRINDAVÍKUR

Í BÓNUS-DEILD KVENNA TÍMABILÍÐ 2025/2026

Abby Claire Beeman

Bakvörður

24 ára
166 cm



Ellen Nystrom

Framherji

32 ára
185 cm



Emile Sofie Hesseldal

Framherji

35 ára
188 cm



Thea Ólafía Lucic Jónsdóttir

Bakvörður

23 ára
178 cm



Eyrún Hulda Gestsdóttir

Bakvörður

16 ára
170 cm



Telma Hrönn Loftsdóttir

Bakvörður

16 ára
171 cm



Ólöf María Bergvinsdóttir

Framherji

18 ára
175 cm



Jenný Geirdal Kjartansdóttir

Framherji


22 ára
175 cm



Pórey Tea Þorleifsdóttir

Bakvörður

17 ára
171 cm



Isabella Ósk Sigurðardóttir

Miðherji

28 ára
186 cm



María Söldís Eiríksdóttir

Bakvörður

16 ára
170 cm



Hulda Björk Ólafsdóttir

Bakvörður

22 ára
178 cm



Ólöf Rún Óladóttir

Bakvörður

24 ára
170 cm



Farhiya Abdi

Framherji

33 ára
188 cm



Þorleifur Ólafsson

Þjálfari

41 árs



Nökkvi Már Jónsson

Aðstoðarþjálfari

53 ára



Sreten Karimanovic

Sjúkraþjálfari



Þú ræður á hvaða N1 stöð þú færð lægsta verðið

Veldu þína stöð í N1 appinu ➔



Allt að 30 kr. afsláttur af hverjum lítra!

Nú þarftu ekki lengur að keyra yfir í annað sveitarfélag til að leita uppi lægra eldsneytisverð. Þú velur einfaldlega þína uppáhalds N1-stöð í appinu okkar og byrjar að dæla á lægsta verðinu þar sem þér hentar best í allt sumar.

Hvaða N1 stöð elskar þú mest?



Nánari upplýsingar:
n1.is/stodin-min

**Stöðin
mín** 

**Þorleifur Ólafsson, þjálfari
meistaraflokks kvenna**

**„Karfan geti áfram
verið eitt stærsta
sameiningartákn
okkar frábæra
samfélags“**



**Nýtt tímabil, ný tækifæri og nýir leikmenn.
Hvernig leggst komandi tímabil í þig og stelpurnar?**

„Mjög vell! Þetta er allt að slípast saman hjá okkur. Við fyrstu sýn þá virðast mörg lið í deildinni vera vel mönnuð sem er frábært fyrir körfuboltann í heild sinni.“

**Þú ert kominn með tvær þekktar stærðir úr íslenskum
körfubolta í hópinn. Abby Beeman og Emilie Hesseldal.
Segðu okkur aðeins frá þeim og hvað þær koma með inn í
hópinn.**

„Frábærir leikmenn og manneskjur sem falla vel inn í hópinn. Abby spilar af miklum krafti sem smitar út frá sér. Emilie er reynslu- mikil og hefur spilað á Íslandi í nokkur ár og þekkir deildina út og inn. Hún er mikill leiðtogi og setur miklar kröfur á allar í liðinu. Þær eru ekki bara góðar heldur gera aðrar betri í kringum sig sem er alltaf gott.“

**Svo er að bætast í hópinn áhugaverður reynslubolti sem
hefur m.a. leikið í WNBA. Hvað geturðu sagt okkur um
hana?**

„Nýkomin þannig að þetta á allt saman eftir að koma í ljós. Ég hef miklar væntingar til hennar bæði sókar- og varnarlega. Mikil reynsla og þekking sem á að nýtast okkur vel.“

**Hver eru markmiðin fyrir þetta tímabil og kannski í
leiðinni getum verið gert síðasta tímabilið aðeins upp?**

„Síðasta tímabil var í heildina vonbrigði. Við lendum í allskonar erfiðleikum og loksins þegar við vorum að ná toppnum þá kom eitt enn áfallið sem varð til þess að við duttum út. Það var gaman að komast í bikarúrslit þar sem við vorum nálægt því að vinna en það gekk því miður ekki upp.“

*Til þjónustu við
sjávarútveginn og
bæjarbúa í yfir 20 ár!*

• Bílaverkstæði

• Vélsmiðja

• Smurstöð

• Skoðunarstöð Frumherja

**Áfram
Grindavík**



Seljabót3 - Sími 426 8540 - 893 6840

Væntingarnar innan liðsins fyrir þetta tímabil eru miklar. Við ætlum að keppa um alla titlana og vonandi flykkist fólk í kringum liðið og styður við bakið á okkur. Planið er svo að spila eins marga leiki og við getum í Grindavík. Vonandi fyrir okkur Grindvíkinga fer móðir náttúra að haga sér svo við getum eins fljótt og mögulegt er farið alfarið heim."

Hvaða leikmaður í hópnum á eftir að koma mest á óvart í vetur?

"Ég er mikið að leggja upp úr liðsheildinni. Þannig að ég vil ekki vera að segja til um það hver það nákvæmlega verður sem kemur mest á óvart. Umhverfið sem við Nökkvi erum að byggja upp mun vonandi vera gott fyrir leikmenn til að blómstra og koma á óvart. Hver það verður veit nú enginn!"

Svo er það lokaspurningin. Nú erum við að fara inn í þriðja tímabilið okkar þar sem framtíð liðsins er í raun í fullkominni óvissu.

Yngri flokka starfið ekki til staðar og heimavöllurinn á flakki. Hvernig sérð þú framtíðina fyrir þér? Bjartsýnn, svartsýnn eða raunsær?

"Ég leyfi mér að vera bjartsýnn um að við verðum komin heim hvað úr hverju. Eins og komið hefur fram þá munum við spila leiki í Grindavík í vetur sem er mjög jákvætt fyrir samfélagið í heild sinni. Við erum með yngri flokka starf í smá mynd, sameiginlegt lið með Breiðablik í elstu flokkunum.

Mér finnst í raun alveg galið að við séum að fara inn í þriðja tímabilið í þessu ástandi og er virkilega stoltur að vera hluti af þessu. Ég persónulega segi við alla að við munum fara heim og berst fyrir því að það verði sem fyrst. Við verðum hins vegar að taka lítil en ákveðin skref í einu til þess að karfan geti áfram verið eitt stærsta sameiningartákn okkar frábæra samfélags."

Þetta viðtal var tekið fyrir fyrsta leik og áður en Farhiya Abdi bættist í hópinn.





Stefán Kristjánsson Minning

Þann 12. ágúst síðastliðinn varð Stefán Kristjánsson bráðkvaddur á heimili sínu aðeins 61 árs að aldri. Stefán var undanfarin ár einn allra öflugasti stuðningsmaður körfuknattleiksdeildar UMFG, bæði innan og utan vallar, og það verður sannarlega skrítn tilfinning að sjá hann ekki í stúkunni í vetur.



Við kveðjum Stefán með söknuði en minnumst um leið allra góðu stundanna og allra þeirra frábæru hluta sem hann lét af sér leiða bæði fyrir körfuboltann í Grindavík en líka fyrir samfélagið okkar í heild en fáir börðust af jafn mikilli sannfæringu fyrir endurreisn Grindavíkur og Stefán.

Við sem stuðningsfólk og samfélag munum sakna Stefáns sárt en okkar söknuður bliknar þó í samanburði við söknuð fjölskyldu hans sem þurfti að kveðja eiginmann, föður og afa alltof snemma. Við sendum þeim okkar dýpstu samúðarkveðjur með þessum minningarorðum og myndum af Stefáni í stúkunni þar sem hann naut sín alltaf í botn.

Hér að lokum fylgja minningarorð um Stefán sem Ingibergur Þór, formaður körfuknattleiksdeildarinnar, flutti á fyrsta heimaleik Grindavíkur þetta haustið, þann 3. október síðastliðinn.



Verið þið öll hjartanlega velkomin í HS Orku-höllina. Þessi dagur í dag er stór fyrir okkur Grindvíkinga þar sem þetta er fyrsti keppnisleikur sem spilaður er hér síðan 9. nóvember 2023.

Fyrir hönd deildarinnar og allra sem eru hér í dag þá þökkum við kærlega fyrir okkar frábæru styrktaraðila sem buðu okkur öllum á þennan leik, en þessi grindvísku fyrirtæki eru Ganti, Þorbjörn og Grindavík Seafood.

Það að við séum hérna í dag með fullan sal af fólki lýsir samfélaginu okkar svo vel. Við erum samheldin, traust og gefumst aldrei upp í neinu. Fyrir hönd stjórnar deildarinnar langar okkur að nota tækifærið og minnst okkar besta manns eins og ég segi svo oft.

Allt er hverfult í þessum heimi en ef það er eitthvað sem er öruggt þá er það alveg öruggt að ef Stefán Kristjánsson væri enn á meðal vor þá stæði hann núna í miðri stúkunni og baðaði út höndunum eins og myndirnar sýna.

Stefán, eins og við öll, var að bíða eftir þessum degi. Þessum degi þegar samfélagið okkar sem hefur fjölmennt á leikina í Smáranum myndi koma saman hér í Grindavík. Þetta hefur verið erfitt langhlaup og því er ekki lokið en við færumst nær markinu.

Með óendanlegu miklu þakklæti og hlýju langar mig að minnst Stefáns okkar í Einhamri sem er enn þá okkar aðalstyrktaraðili og hefur verið það síðustu ár, innan vallar sem utan.

Ég get fullvissað ykkur um það að ef það væri ekki fyrir þau hjónin Söndru og Stefán í Einhamri þá er alls óvíst að liðið okkar væri hérna að spila í dag. Stefán var einstakur klettur í lífi svo margra, hann var baráttumaður okkar Grindvíkinga. Hann notaði reynslu sína, þekkingu og styrk óspart og var alltaf með lausnir og svör á reiðum höndum.

Fyrir samfélagið að missa þannig mann er gríðarlegur missir. Ég hef sagt að það muni taka okkur langan tíma að átta okkur á því hversu stór hann var því Stefán var all staðar í samfélaginu að nýta krafta sína til góðs.

Það er stundum sagt að enginn sé ómissandi en Stefán er þá þessi enginn.



Gerum tjónamat þér að kostnaðarlausu!

Tjónaskoðum fyrir öll tryggingafélög í Grindavík



CABAS
verkstæði



Þjónusta í boði hjá Bílnet

Bílasprautun - Bílaréttingar - Tjónaskoðun - Plastviðgerðir

Sími 420 0040

Bílnet ehf. - Brekkustíg 38 - 260 Reykjanesbæ

Bílnet
BÍLASPRAUTUN & RÉTTINGAR



Arnpór Rafvirkjameistari

Sími: 697 5558

Þorleifur Vélfræðingur

Sími: 848 8207

VÍKUR AFL EHF
GRINDAVÍK



ALLT

F A S T E I G N A S A L A



GRINDIN

Trésmiðja og verktakar - Hafnargötu 9a - 240 Grindavík - Sími 426 8574



RE/MAX

ÉG VINN FYRIR ÞIG



Dagbjartur

Löggiltur fasteignasali

861 7507
daddi@remax.is
remax.is



H.E. Helgason ehf

Öll almennt trésmíði - 6979252



Leikir Grindavíkur í Bónus-deildum karla og kvenna tímabilið 2025/26

BÓNUS-deild karla

Dags:	Tími:	Leikstaður:	Andstæðingur:
03-10-25	19:15	HS Orku-höllin	Njarðvík
09-10-25	19:30	HS Orku-höllin	ÍA
16-10-25	19:15	Kaldalónshöllin	Álftanes
23-10-25	19:30	HS Orku-höllin	KR
30-10-25	19:15	N1-höllin	Valur
07-11-25	19:30	HS Orku-höllin	Keflavík
13-11-25	19:30	Skógarsel	ÍR
20-11-25	19:30	HS Orku-höllin	Tindastóll
06-12-25	19:30	ÞG Verk höllin	Stjarnan
11-12-25	19:30	HS Orku-höllin	Ármann
18-12-25	19:15	Ice. Glacial höllin	Þór Þ.
03-01-26	19:15	IceMar-höllin	Njarðvík
08-01-26	19:15	AvAir höllin	ÍA
15-01-26	19:30	HS Orku-höllin	Álftanes
22-01-26	19:15	Meistaravellir	KR
29-01-26	19:30	HS Orku-höllin	Valur
12-02-26	19:15	Blue-höllin	Keflavík
19-02-26	19:30	HS Orku-höllin	ÍR
06-03-26	19:15	Sauðárkrókur	Tindastóll
12-03-26	19:30	HS Orku-höllin	Stjarnan
19-03-26	19:15	Laugardalshöll	Ármann
26-03-26	19:15	HS Orku-höllin	Þór Þ.

BÓNUS-deild kvenna

Dags:	Tími:	Leikstaður:	Andstæðingur:
01-10-25	19:15	Ice. Glacial höllin	Hamar/Þór
07-10-25	19:15	HS Orku-höllin	Ármann
14-10-25	19:15	Ásvellir	Haukar
21-10-25	19:30	HS Orku-höllin	Stjarnan
29-10-25	19:15	IceMar-höllin	Njarðvík
02-11-25	18:15	HS Orku-höllin	Tindastóll
05-11-25	19:15	Meistaravellir	KR
22-11-25	19:15	N1-höllin	Valur
28-11-25	19:15	HS Orku-höllin	Keflavík
03-12-25	19:15	HS Orku-höllin	Hamar/Þór
09-12-25	19:15	Laugardalshöll	Ármann
17-12-25	19:30	HS Orku-höllin	Haukar
06-01-26	18:15	ÞG Verk höllin	Stjarnan
13-01-26	19:15	HS Orku-höllin	Njarðvík
20-01-26	19:15	Sauðárkrókur	Tindastóll
27-01-26	19:30	HS Orku-höllin	KR
10-02-26	19:30	HS Orku-höllin	Valur
17-02-26	19:15	Blue-höllin	Keflavík

Leikjaplan beggja liða er birt með fyrirvara um breytingar á tíma og staðsetningu.

Eftir 18. febrúar er Bónus-deild kvenna skipt upp í efri og neðri hluta og bætast þá fleiri deildarleikir við.



Lagnapjónusta Suðurnesja ehf.

868 8719 & 896 6691

Nýlagnir - Endurlagnir - Stíflupjónusta - Skolpmyndavél

Þorfinnur 868 8719 - Rúnar 896 6691

GELMOTTUR

Fersk flutningsleið

Til að viðhalda kælingu
ferskra matvæla meðan
á flutningi stendur



Minni flutningskostnaður
Einfaldar í notkun
Mikil varmarýmd
Engin aukaefni

isgel

Efstubraut 2 Blönduósi Sími 451 2727
www.isgel.is isgel@isgel.is



Emilie Hesseldal

„Markmiðið er að landa titlinum“



Þetta viðtal var tekið áður en tímabilið rúllaði af stað, en Emilie meiddist í leik gegn Stjörnunni þann 21. október. Í fyrstu var óttast að hún yrði lengi frá en betur fór en á horfðist og vonir standa til að hún verði klár í slaginn á ný eftir landsleikjahléið í lok nóvember. Við sendum Emilie að sjálfsögðu okkar allra bestu batakeðjur!

Emilie Hesseldal hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem einn af betri erlendu leikmönnum í íslensku úrvals-deildinni. Hún kom fyrst til Íslands haustið 2019 og spilaði þá með Skallagrími. Nú er hún að hefja fjórða tímabilið sitt á Íslandi og er mætt til Grindavíkur þar sem hún fær tækifæri til að spila með æskuvinkonu sinni. Við fengum Emilie í létt spjall og það lá beinast við að byrja viðtalið á að spyrja hvað það er sem gerir það að verkum að hún er fara að spila hér á landi þriðja tímabilið í röð.

„Á þessum tímamarki á ferlinum sé ég mig bara ekki fyrir mér spila annars staðar. Þetta er frábær staður til að hugsa vel um líkamann en fá um leið tækifæri til að spila góðan körfubolta á háu getustigi.“

Við Íslendingar tölum auðvitað öll dönsku, svo að það hefur væntanlega ekki verið mjög erfitt að aðlagast lífinu á Íslandi samanborið við Danmörku?

„Það er mjög svipað. Ætli stærsti munurinn sé ekki stærðin á borginni. Kaupmannahöfn er augljóslega töluvert stærri og meira um að vera og stutt að fara í allt. En ég kann mjög að meta náttúruna hér á Íslandi og hér er allt mjög afslappað.“

Það hafa verið ófáir danskir leikmenn í bæði kvenna- og karladeildunum síðustu ár, þá sérstaklega í fyrra. Þekkist þið öll og hittist þegar þið eruð ekki að spila körfubolta?

„Já! Við þekkjumst öll frá Danmörku. Þannig að við mætum á leiki hjá hvert öðru og hittumst svo yfir kaffibolla eða höldum saman pizzakvöld.“

Eftir að hafa spilað með Njarðvík tvö tímabil í röð og náð þar nokkuð góðum árangri, bikarmeistaratitill og silfrið á Íslandsmóttinu, hvað kom til að þú ákvaðst að skipta yfir í Grindavík?

„Heilt yfir þá hentaði þetta mér ótrúlega vel en að fá tækifæri til að spila með bestu vinkonu minni síðan í menntaskóla, Ellen Nyström, átti stóran þátt í þessu. Það má segja að við séum að loka hringnum með þessu. Þetta er eitthvað sem við höfum alltaf talað um að væri skemmtilegt og ég er mjög spennt að sjá þetta gerast. Já svo og auðvitað að fá að spila með Isabellu aftur!“

Þú spilaðir með Skallagrími fyrst 2019 og komst svo aftur til Íslands fjórum árum seinna. Tókstu eftir miklum breytingum á deildinni á þessum árum sem liðu þarna á milli?

„Engin spurning. Deildin hefur vaxið og er orðin spennandi kostur fyrir erlenda leikmenn en á sama tíma þá eru íslensku stelpurnar líka orðnar betri. Heilt yfir þá er deildin komin á hærri stig á marga vegu.“

Hvernig líst þér svo á liðið hjá Grindavík fyrir komandi tímabil, hversu langt getur það farið og hver eru markmiðin?

„Ég hlakka til. Við erum með frábæra blöndu af eldri reyndari leikmönnum og yngri sem vilja læra og vilja keppa. Markmiðið er að landa titlinum og ég held að það sé mjög raunsætt markmið. Það er samt ekkert gefið í þessu og við vitum að það eru góð lið í þessari deild sem við þurfum að vinna til að ná þessu markmiði.“



Ólafur Ólafsson

„Ég ætlaði að spila heima aftur hvenær sem það yrði“



Tímabilið hefur farið frábærlega af stað hjá karlaliðinu. Það gæti í raun bókstaflega ekki hafa byrjað betur en liðið er taplaust í fimm umferðum þegar þetta er skrifað. Hvernig leggst þessi byrjun í þig? Báðir fætur ennþá á jörðinni geri ég ráð fyrir?

„Ég held að ég hafi bara aldrei byrjað tímabil svona nema kannski 2011, þegar við unnum sjö fyrstu og 17 af fyrstu 19. Þau tölpu komu bæði á móti Þór Þorlákshöfn en við unnum þá svo 3-1 í úrslitum.“

En auðvitað er maður ennþá með báða fætur á jörðinni, maður vinnur enga titla í nóvember. Við þurfum bara að halda áfram að bæta okkur og halda stöðugleika bæði í vörn og sókn. Mér finnst við einmitt vera aðeins samstilltari í vörninni, þar erum við að finna taktinn sem gefur okkur svo kraftinn í sóknarleikinn.“

Það heyrðust sögur síðsumars að það væru svo fáir á æfingum hjá ykkur að það væri ekki einu sinni hægt að spila þrír á þrjá, hvað þá fimm á fimm. Hvernig leist þér á blikuna korter í mót?

„Þetta var alveg þínu skrítið. Við vorum stundum bara þrír á æfingum og gátum ekki einu sinni spilað tveir á tvo! Ég var samt ekkert stressaður samt því ég vissi alltaf að erlendu leikmennirnir væru á leiðinni og svo fór maður að pæla hvaða íslensku strákum væri hægt að bæta í hópinn. Unnsteinn kom inn síðsumars og mér leist strax vel á hann og svo kom Raggi inn í þetta á lokasprettinum líka og Nökkvi. Ég man samt ekki hvenær það var sem við gátum loksins byrjað að spila fimm á fimm á æfingum en þetta small allt að lokum.“

Við spurðum grindvíska áhorfendur hvort það hefði einhverjar spurningar fyrir þig. Kvenkyns áhorfandi, sem vildi ekki láta nafn síns getið sagði að fólk sé að tala um það í stúkunni hvað þú ert orðinn fit og sexy (eða meira sexy). Hvert er eiginlega leyndarmálið?

„Æfa auka og nýta sumarið vel, það er nú ekki meira leyndarmál en það. Ég er búinn að vera vel þéttur í tvö ár, það eru einhverjar

ástæður fyrir því auðvitað. En ég ákvað að fara alla leið núna og tók bara tvær vikur í sumarfrí þetta árið og var svo mættur í ræktina. Svo fór ég líka að fasta reglulega sem er eitthvað það erfiðasta sem ég hef gert.“

Eftir töluverða rekistefnu um það hvar ætti að spila heimaleiki í vetur eru bæði lið búin að leika alla sína leiki í Grindavík. Geturðu lýst tilfinningunni hvernig það var að spila fyrsta leikinn heima eftir tveggja ára fjarveru?

„Þetta var falleg stund. Það voru náttúrulega rosalega margir í húsinu og ótrúlega gaman og fallegt að vera partur af þessu. Ég ætlaði að spila heima aftur hvenær sem það yrði og það er bara frábært að við séum strax komin þangað.“

Ég heyrði því hvíslað að þú hefðir sagt í haust að þú myndir aldrei spila í Smáranum aftur. Er þetta satt?

„Ég sagði þetta eftir fyrsta leikinn heima, að ég myndi ekki spila í Smáranum aftur. Eins þakklátur og ég er Blikunum fyrir allt sem þeir hafa gert fyrir okkur. Eftir fyrsta leikinn heima fór ferli í gang á bak við tjöldin að láta þetta ganga upp og ég kom því til skila frá leikmönnum að það væru allir á sömu blaðsíðu, að spila heima.“

Ég spurði bræður þína báða um hvaða sýn þeir hefðu á framtíð liðanna í þessu óvissuástandi. Engir yngri flokkar í gangi og framtíð bæjarfélagsins okkar í raun enn í einhverri óvissu. Hvernig metur þú þetta? Er bara verið að taka eitt tímabil í einu núna?

„Það er auðvita þínu skrítið að það séu engir yngri flokkar í gangi og í raun engin ný kynslóð að koma upp sem veldur mér þínu áhyggjum. Mér fannst fótboltinn gera vel að halda 2. flokki gangandi. Það var skemmtilegur árgangur að koma upp og það eru einstaklingar þar sem væru örugglega farnir að banka á dyrnar og æfa með meistaraflokki. En maður tekur bara eitt tímabil í einu núna. Fókusinn er á þetta tímabil og að gera mitt allra besta til að tryggja að við förum alla leið.“



Réttur sjómanna til bóta

Verði sjómenn fyrir slysi við vinnu sína, geta þeir átt rétt á bótum vegna afleiðinga slyssins, án tillits til þess hvort slysið verði rakið til mistaka eða vanrækslu.

Sökum þess hve ríkan rétt þeir eiga sem lenda í vinnuslysi á sjó, er mikilvægt að leita alltaf réttar síns, þótt tjónið kunni í upphafi að virðast smávægilegt.

Brýnt er að leita til læknis og tilkynna viðeigandi aðilum strax um slysið, svo sem vinnuveitanda, tryggingafélagi, sjómannafélagi og Sjúkratryggingum Íslands.

Einnig er mikilvægt að hinn slasaði ráðfæri sig sem fyrst við lögmann um rétt sinn.

Fyrsta viðtal er alltaf ókeypis hjá okkur!



FULLTINGI

slysa- og skaðabótamál

Pinn réttur til bóta!

Leikdagskveðja frá formanni UMFG

Það er leikdagur og spennan í loftinu er áþreifanleg.

Það er ein besta tilfinning í heimi að vera á leik með Grindavík. Standa í troðfullri stúku með stoltum grindvískum stuðningsmönnum og við erum að vinna leikinn. Gleðin skín úr hverju andliti og ósjaldan falla nokkur gleðitár.

Við erum stolt af liðunum okkar og við erum óhrædd við að sýna tilfinningar og láta þau sjá hvað þau eru okkur dýrmæt. Þau hafa hjálpað okkur á mjög erfiðum tímum og án þeirra hefði lífið orðið miklu erfiðara og einmanalegra.

Ég er óendanlega stolt af því að vera Grindvíkingur og fá að upplifa þetta. Vera partur af íþróttasamfélaginu Grindavík og fá að upplifa bæði gleði og sorg, upplifa allan tilfinningaskalan með liðunum mínum. Við erum þekkt fyrir seiglu, dugnað, baráttuvilja og samheldni og þar trónum við á toppnum. Sama hvað þá stöndum við alltaf saman. Við erum öll Grindavík.

Samstaða - hjálpsemi - samhugur - allir leggjast á eitt. Það er alltaf gaman að horfa á leik en það er alltaf best að vera heima í Grindavík, á vellinum okkar í húsinu okkar. Heima er alltaf best - hjartað slær fyrir Grindavík. Ég er stolt af liðunum, þjálfurum og öllum sjálfbóðaliðunum auðvitað. Án þeirra væri ekki hægt að halda uppi þessu flotta starfi.

Ég hef endalaust mikla trú á liðunum okkar og hlakka mikið til að mæta á leiki í vetur. Hlakka til að finna stoltið og gleðina sem kemur yfir mig þegar liðin skokka inn á völlinn. Það gerast einhverjir töfrar þegar Grindvíkingar koma saman til að hvetja liðin okkar áfram enda erum við með besta stuðningsfólkið.

Ég hlakka til að sjá Grindvíkinga hópast saman upp í stúku í HS Orku-höllinni, gefa hvert öðru koss á kinn og hlýtt faðmlag og öskra svo hátt „áfram Grindavík!“.

Við erum öll Grindavík.

Klara Bjarnadóttir,
formaður UMFG.



VIKNORDIK

Plastic welding

Við erum Grindavík

Ásrún Helga Kristinsdóttir,
forseti bæjarstjórnar Grindavíkur, skrifar.

Það er með mikilli ánægju og stolti sem við fögnum nýju körfuboltatímabili hér í Grindavík. Þetta tímabil er meira en upphaf nýrrar keppni, það er tákni um samstöðu, styrk og trú á framtíðina.

Á undanförnum árum höfum við gengið í gegnum miklar áskoranir sem samfélag. Á þessari vegferð hafa íþróttirnar, og ekki síst körfuboltinn, verið okkur dýrmætur máttur. Körfuknattleiksdeild UMFG hefur verið hjartað í samfélaginu okkar. Á leikjum hefur fólk komið saman, glaðst, hvatt og fundið fyrir samkennd. Að sjá liðin okkar spila aftur á heimavelli í Grindavík er meira en bara leikur. Það er tákni um endurkomu, samstöðu og lífskraft bæjarins.

Við Grindvíkingar erum afar stoltir af íþróttafólkinu okkar, þjálfurum, sjálfbóðaliðum og öllum þeim sem leggja sitt af mörkum til að halda starfinu lifandi og öflugt. Þið sýnið daglega hvað það þýðir að bera bæinn sinn í hjarta sér.

Samlíkingin við geitina sem Grindvíkingar eignuðust nýverið lýsir okkur vel. Við höfum aðlagð okkur að erfiðum aðstæðum, fundið jafnvægi á þröngum og grýttum stöðum og minnt okkur á mikilvægi þess að halda fótfestu þegar reynir á. Við erum líka félagslynd, hlý og sýnum kærleika og samkennd.

Íþróttirnar hér í Grindavík eru svo stór hluti af sjálfsmýnd okkar. Þær eru ekki aðeins keppni, heldur samvera, gleði og sameining. Þær minna okkur á hvað samfélagið okkar stendur fyrir og hversu miklu máli samstaðan skiptir.

Kæru Grindvíkingar, það er mikilvægt að við höldum áfram að gefa af okkur, hver á sinn hátt. Hvort sem það er sem sjálfbóðaliðar, styrktaraðilar eða stuðningsfólk. Samvinna okkar gerir UMFG kleift að starfa áfram.



Við horfum nú fram á við með bjartsýni og von. Framundan eru nýir sigrar, nýjar áskoranir og ómetanleg augnablik sem minna okkur á hvers vegna við erum Grindavík.

Megið þið öll eiga frábært tímabil sem einkennist af samstöðu og sigurgleði innan vallar sem utan.

Áfram Grindavík - alltaf!



GJÖGUR HF
GRENIVÍK

Sími 561 9950

Við styðjum UMFG - Áfram Grindavík!

ÁFRAM GRINDAVÍK

Mustad
AUTOLINE



HS VEITUR

SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Fish House
Bar & Grill



SCANMAR



K. STEINARSSON

bus4u
Iceland | +354 421 4444



HP GÁMAR
HÓPSNES

Verbraut 3 • 240 Grindavík Sími: 893 3719 & 823-1118
hopsnes@simnet.is

ÁFRAM GRINDAVÍK

hjá
höllu



Verkalýðsfélag
Grindavíkur

Víkurbraut 46 - Sími 426 8594

 **HAUSTAK**
FISKÞURRUKUN

FISK 
KAUP HE



 **BESA** ehf.

BORGARPLAST
www.borgarplast.is

langbest
PIZZA • STEINN • KAFFI • BÚÐ



Ökuskóli Frímanns
Sími 892 7619



Áfram Grindavík - alltaf!

Við erum hér



Visirhf.is